

Samþykkt HSL

Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

1. Markmið og hlutverk

1.1

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, skammstafað HSL, er byggðasamlag sveitarfélaga á Suðurlandi í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Heimili þess og varnarþing er að Austurvegi 65, Selfossi.

1.2.

Sveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum HSL. Eignarhluti hvers sveitarfélags skiptist innbyrðis í hlutfalli við íbúafjölda og skiptist því með eftirfarandi hætti:

[Ásahreppur](#) •
[Bláskógabyggð](#) •
[Flóahreppur](#) •
[Grímsnes- og Grafningshreppur](#) •
[Hrunamannahreppur](#) •
[Hveragerðisbær](#) •
[Mýrdalshreppur](#) •
[Rangárþing eystra](#) •
[Rangárþing ytra](#) •
[Skafthreppur](#) •
[Skeiða- og Gnúpverjahreppur](#) •
[Sveitarfélagið Árborg](#) •
[Sveitarfélagið Ólfus](#) •
[Vestmannaeyjabær](#)

1.32

Um fyrirkomulag stjórnar, starfsmanna, starfssvæðis og framkvæmd fer skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd –Suðurlands sem fer með yfirstjórn HSL, ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglum sem nefndinni er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Nefndin skal vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæði sínu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

2. Um aðalfund og aukaaðalfund

2.1

Aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skal halda ár hvert á ársþingi SASS.

2.2

Aukaaðalfund skal boða ef þörf krefur að mati heilbrigðisnefndar eða ef þriðjungur aðildarsveitarfélaga krefst þess skriflega. Sömu reglur gilda um þá og reglulega aðalfundi.

2.3

Commented [LEX1]: Sbr. athugasemd nr. 2 [Samgöngu og sv.stj.ráðun.]

•Eignarhluti sveitarfélaga er ekki tilgreindur í samningum (1.tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)

Heilbrigðisnefnd Suðurlands semur dagskrá aðalfundar og skal hún send aðalfundarfulltrúum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfundinn og skulu aðildarsveitarfélög hafa tilkynnt um fulltrúa á aðalfund fyrir þann tíma. Með aðalfundarboði skal senda tillögu að fjárhagsáætlun næsta árs, endurskoðaða ársreikninga, ársskýrslu heilbrigðiseftirlitsins, tillögur nefndarinnar og tillögur sem borist hafa frá aðildarsveitarfélögunum.

2.4

Aðalfundur mótar stefnu Heilbrigðiseftirlitsins, að öðru leyti en tilskilið er í lögum. Á aðalfundi er afgreidd skýrsla um liðið starfsár, endurskoðaðir reikningar og tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir næsta ár.

2.5

Tillögur og ályktanir sem hljóta eiga afgreiðslu á aðalfundi skal senda heilbrigðisnefndinni 3 vikum fyrir aðalfund.

2.6.

Fundir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eru ályktunarhæfir hafi löglega verið til þeirra boðað og einfaldur meirihluti aðalfundarfulltrúa eru mættir, þó sbr. greinar 4.1 og 9.3.

Commented [LEX2]: Sbr. athugasemd nr. 3

•Ekki fjallað um ályktunarhæfni funda. (3. Tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)

3. Um kosningar til aðalfundar

3.1

Á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eiga sæti:

1. Einn fulltrúi fyrir sveitarfélag sem hefur 200 íbúa eða færri.
2. Tveir fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 201 til 500 íbúa.
3. Þrjú fulltrúar fyrir sveitarfélag sem hefur 501 til 1000 íbúa
4. Sveitarfélag með yfir 1000 íbúa skal auk þess fá einn fulltrúa fyrir hvert byrjað þúsund íbúa.
5. Heilbrigðisnefndarmenn og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga með málfrelsi og tillögurétti séu þeir ekki kjörnir fulltrúar
6. Sveitarstjórnarmönnum, sem ekki eru kjörnir til setu á aðalfundi HSL, og starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins er heimilt að sitja aðalfundinn sem áheyrnarfulltrúar með málfrelsi og rétt til setu í starfsnefndum þingsins er fjalla um málefni á sviði Heilbrigðiseftirlitsins.

Miða skal við íbúafjölda sveitarfélags þann 1. desember næstliðins árs.

3.2

Kjörgengir á aðalfund eru framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra. Sveitarstjórnarmaður missir kjörgengi sitt á næsta aðalfundi eftir að hann hættir setu í sveitarstjórn.

4. Um kosningar á aðalfundi

4.1

Á aðalfundi ræður einfaldur meiri hluti atkvæða. Samþykkt byggðasamlagsins verður þó aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta aðildarsveitarfélaga.

4.2

Á aðalfundi í kjölfar sveitarstjórnarkosninga skulu 5 kosnir í Heilbrigðisnefnd til 4 ára, í samræmi við ákvæði 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.

4.3

Aðalfundur kýs starfsnefndir fundarins og menn í starfsnefndir sem starfa að ákveðnum málefnum milli funda, samkvæmt sérstakri samþykkt aðalfundarins.

4.4

Fundargerðir og fundarsamþykktir aðalfundar skal færa í sérstaka gerðabók og jafnframt gerð grein fyrir öðru því sem gerist á aðalfundi. Fundargerð skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði ef þess er kostur en heimilt er að fela fundarstjóra og fundarritara að ganga frá fundargerðinni. Setja skal HSL sérstök aðalfundarsköp sem aðalfundur þarf að samþykkja.

5. Um stjórn og starfslíð

5.1

Heilbrigðisnefnd Suðurlands er málsvari HSL á milli aðalfunda og fylgir fram samþykktum nefndarfunda og aðalfundar. Heilbrigðisnefndin vinnur að stefnumarkandi málum og gerir tillögur um ný mál er leggja skal fyrir aðalfund til ákvörðunar. Heilbrigðisnefndin fer jafnframt með yfirstjórn á rekstri HSL og ber ábyrgð á að rekstur sé innan þeirra fjárheimilda sem aðalfundur HSL hefur samþykkt.

5.2

Heilbrigðisnefndarfundur skal halda eftir þörfum en eigi sjaldnar en 6 sinnum á ári og er nefndarfundur ályktunarhæfur ef löglega var til hans boðað og sé meirihluti nefndarinnar mættur.

5.3

Heilbrigðisnefnd ræður framkvæmdastjóra til fimm ára, markar starfssvið hans og launakjör og gerir við hann skriflegan ráðningarsamning og skal ráðning hans miðuð við áramót. Aðra starfsmenn ræður framkvæmdastjóri. Heimild nefndarinnar þarf að liggja fyrir, ef um fjölgun stöðugilda er að ræða. Um starfskjör starfsmanna HSL fer samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og ráðningarsamnings.

5.4

Framkvæmdastjóri veitir Heilbrigðiseftirliti Suðurlands forstöðu og annast framkvæmd málefna eftir því sem heilbrigðisnefnd ákveður og hefur á hendi, fjármálastjórn og starfsmannastjórn. Framkvæmdastjóri á sæti á aðalfundi og heilbrigðisnefndarfundum.

5.5

Framkvæmdastjóri skal að jafnaði boða heilbrigðisnefndarfundur í samráði við formann nefndarinnar. Telji formaður stjórnar að óeðlilegur dráttur sé á fundarboðun, getur hann hlutast til um fundarboðunina. Framkvæmdastjóra er skylt að leggja fyrir heilbrigðisnefnd öll meiri háttar erindi og nýmæli.

5.6

Heilbrigðisnefnd mótar starfsmanna- og launastefnu fyrir HSL. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að starfsmanna- og launastefnu sé fylgt.

Commented [LEX3]: Sbr. athugasemd nr. 3

•Ekki fjallað um ályktunarhæfni funda. (3. Tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)

6. Um embættisafgreiðslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

6.1

Framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er heimilt að gefa út eftirfarandi starfsleyfi samkvæmt heimild í 10. gr. laga nr. 58/2019 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (stjórnvaldssektir o.fl.) sbr. 48. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir:

1. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br., sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. Skriflegar athugasemdir skulu þó berast heilbrigðisnefnd, sem afgreiðir þær.
2. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi til stofnana og fyrirtækja í samræmi við 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.
3. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir hönd nefndarinnar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustu er varða matvæli m.s.br. og ganga að fullu frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir starfsleyfi er að fullu mætt.
4. Framkvæmdastjóra er heimilt að gefa út tóbakssöluleyfi fyrir hönd nefndarinnar skv. lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og ganga frá þeim milli funda ef skilyrðum fyrir sölu tóbaks er að fullu mætt.

6.2

Framkvæmdastjóri sér um að gefa umsagnir um rekstrarleyfi fyrir veitinga- og gististaði skv. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 m.s.br. í umboði heilbrigðisnefndar samkvæmt heimild í 48. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6.3

Framkvæmdastjóra er falið að svara erindum og bréfum f.h. nefndarinnar. Framkvæmdastjóri sér jafnframt um að vinna umsagnir um teikningar og skipulagstillögur frá sveitarstjórnnum sem og samþykktir sveitarfélaga skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.

6.4

Framkvæmdastjóri getur ávallt vísað málum skv. 6.1 – 6.3 til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu framkvæmdastjóra skal hann vísa málinu til afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Um mál sem orka tvímælis, t.d. umsóknir um starfsleyfi þar sem skilyrðum er ekki að fullu mætt, en mál þola ekki bið, er framkvæmdastjóra falið að afgreiða mál að höfðu samráði við formann heilbrigðisnefndar, svo framarlega sem þessir aðilar eru sammála um afgreiðsluna. Jafnframt er heimilt að leita samþykkis heilbrigðisnefndar með tölvupósti í einstaka málum ef tilefni er til. Ella skal kalla saman heilbrigðisnefndarfund.

6.5

Framangreindar afgreiðslur framkvæmdastjóra skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi heilbrigðisnefndar.

7. Um rekstur og fjármál

7.1

Ákvarðanir um lántökur, húsnæðismál eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins þarfnast staðfestingar sveitarstjórna allra aðildarsveitarfélaganna í formi viðauka við fjárhagsáætlun HSL.

7.2

HSL er heimilt að semja við einkaaðila, sbr. 100. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 í málum er tengjast lögbundnu eftirlitshlutverki HSL, eru liður í því að HSL geti rækt hlutverk sitt eða er nauðsynlegt svo HSL geti staðið við lögbundnar skuldbindingar. Slík samningsgerð skal rúmast innan ákvæða laga nr. 7/1998.

7.3

HSL er heimilt að semja við einstök aðildarsveitarfélög um umsjón afmarkaðra verkefna er tengjast þjónustu við byggðasamlagið, s.s. launavinnslu eða fjármálaumsýslu.

7.4

HSL er óheimilt að binda aðildarsveitarfélögin umfram það sem getið er í samþykkt þessari, það sem kveðið er á um í staðfestri fjárhagsáætlun HSL og kveðið er á um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

7.5

Heilbrigðisnefndin skal fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir, innan fjárhagsramma sem sveitarfélögin hafa sett, og senda hana til aðildarsveitarfélaganna til umfjöllunar og afgreiðslu. Þá fer um fjárhagsáætlun HSL eftir 46. gr. laga nr. 7/1998.

7.6

Heilbrigðisnefndin staðfestir ársreikninga HSL fyrir ár hvert og miðast reikningsárið við almanaksárið. Reikningar HSL skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem heilbrigðisnefndin ræður til starfsins. Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af Heilbrigðisnefndinni og áritaðan af endurskoðanda til aðildarsveitarfélaga fyrir XX. XXX ár hvert. Að öðru leyti fer um umboð heilbrigðisnefndar í samræmi við reglur laga nr. 7/1998 og lög nr. 138/2011.

8. Um árgjöld

8.1

Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af aðildarsveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

9. Um úrsögn og slit

9.1

Um úrsögn og slit fer skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 94. gr. laga nr. 138/2011.

Samkvæmt 44. gr. laga nr. 7/1998 skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Í ákvæði 3. mgr. 45. gr. sömu laga segir að ráðherra Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins geti að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar kveðið á um

Commented [LEX4]: Sbr. athugasemd nr. 5
•Ekki er að finna almennt ákvæði um hvenær þörf er staðfestingar sveitarstjórna á ákvörðun stjórnar. (5. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)

Commented [LEX5]: Sbr. athugasemd nr. 6
•Ekki er fjallað um heimildir til samninga við einkaaðila. (6. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)

Commented [LEX6]: Sbr. athugasemd nr. 7
•Ekki er fjallað um heimildir til samninga við einstök aðildarsveitarfélög um umsjón afmarkaðra verkefna. (7. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)

Commented [LEX7]: Sbr. athugasemd nr. 4
•Afmarka þarf með skýrum hætti umboð stjórnar til þess að skuldbinda sveitarfélög. (4. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)

Commented [LEX8]: Sbr. athugasemd nr. 9
•Umboð stjórnar verður að vera í samræmi við reglur sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga. Í umræddum samningi þarf að huga að ákvæðum varðandi ársreikning. (4. Mgr. 94. gr. svstjl.)

Commented [LEX9]: Sbr. athugasemd nr. 9
•Umboð stjórnar verður að vera í samræmi við reglur sveitarstjórnarlaga um fjármál sveitarfélaga. Í umræddum samningi þarf að huga að ákvæðum varðandi ársreikning. (4. Mgr. 94. gr. svstjl.)

Commented [LEX10]: Sbr. athugasemd nr. 8 og 10
•Samningurinn þarf skýrlega að tilgreina hvernig úrgöngu úr bs. uppgjör aðildarsveitarfélaga, ábyrgð á skuldbindingum og rétt til innlausnar á eignarhlutum er hagað. (8. tl. 3. mgr. 94. gr. svstjl.)
•Ekki er fjallað um endurskoðun á samningi, heimildir til úrsagnar úr bs. og um slit þess. (1. mgr. 95. gr. svstjl.)

sameiningu eftirlitssvæða í reglugerð. Þá segir í 4. mgr. 45. gr. sömu laga að heilbrigðisnefndum sé heimilt að gera samkomulag um annað fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits á milli eftirlitssvæða.

9.2

Einstök sveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að HSL, en skulu við úrgöngu ekki eiga neinn endurkröfurétt vegna stofnkostnaðar eða annars kostnaðar vegna HSL. Óski sveitarfélags þess að ganga úr HSL skal það tilkynnt formanni HSL með skriflegum og sannanlegum hætti eigi síðar en 6 (sex) mánuðum fyrir næsta áætlaða aðalfund. Skal tilkynningin vera rökstudd og ástæður úrsagnarinnar tilgreindar. Tilkynningin skal tekin fyrir á næsta aðalfundi HSL þar sem hún er rædd og reynt verður að leita lausna. Ef samkomulag næst ekki um áframhaldandi aðild að HSL við sveitarfélagið sem óskar úrgöngu skal heilbrigðisnefndin senda erfnis til Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, sbr. 3. eða 4. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998.

Úrganga úr HSL skal taka gildi við lok reikningsárs tveimur árum eftir aðalfundinn þegar tilkynningin var tekin fyrir, að því gefnu að Umhverfis- og auðlindaráðuneyti hafi ekki gert athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á eftirlitssvæðum. Sveitarfélagið sem gengur úr HSL skal ekki bera frekari ábyrgð á skuldbindingum HSL eftir úrgangan hefur tekið gildi, nema um það sé sérstaklega samið.

9.3

Til að slíta HSL þarf a.m.k. 2/3 hluta allra fulltrúa sem eiga sæti á fundi aðalfundi HSL á löglega boðuðum aðalfundi. Ákvörðun um slit þarf einnig staðfestingu a.m.k. 2/3 hluta sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Tillaga um slit HSL þarf að berast formanni eigi síðar en 6 (sex) mánuðum fyrir næsta áætlaða aðalfund. Skal tillagan vera rökstudd og ástæður hennar tilgreindar. Tillagan skal tekin fyrir á næsta aðalfundi HSL þar sem hún er rædd og atkvæði greidd um hana.

9.4

Þæði úrganga og slit á HSL eru þó háð nefndu ákvæði 3. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 og kemur því ekki endanlega til framkvæmda fyrr en með breytingu ráðherra á eftirlitssvæðum með reglugerð.

Að öðru leyti fer um úrgöngu úr HSL og slit HSL eftir ákvæði 95. gr. laga nr. 138/2011.

10. Um breytingar á samþykkt og gildistökuákvæði

10.1

Breyta má samþykkt þessari á aðalfundi ár hvert og skulu tillögur um breytingar á samþykkt fylgja fundarboði. Tillögur til breytinga á samþykkt skulu sendar Heilbrigðisnefnd Suðurlands minnst þremur vikum fyrir aðalfund.

10.2

Breyting á samþykkt þessari telst samþykkt, ef hún nýtur stuðnings 2/3 hluta aðildarsveitarfélaganna á lögmaetum aðalfundi.

10.3

Endurskoðað skal samþykkt þessa er eitthvert aðildarsveitarfélaganna telur ástæðu til, s..s vegna breytinga á verkefnum eða lögum er varða starfsumhverfi HSL.

Commented [LEX11]: Breytt til samræmis við ákvæði gr. 4.1.

Commented [LEX12]: Sbr. athugasemd nr. 10

• Ekki er fjallað um endurskoðun á samningi, heimildir til úrsagnar úr bs. og um slit þess. (1. mgr. 95. gr. svstj.)

Samþykkt þessi öðlast gildi við samþykki þeirra.

Þannig samþykkt á aðalfundi HSL 30. október 2020.